



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Óttar Gumundsson
skipulagsfulltrúi
Tæknideild Fjarðarbyggðar
Hafnarbraut 2
730 Fjarðabyggð

Reykjavík, 15. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000113/ksj

Hraun 1 Mjóeyrarhöfn

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað að Hrauni í Reyðarfirði

Vísað er til erindis er barst frá skipulagsfulltrúa Fjarðarbyggðar þann 15.10. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis á Mjóeyri á Reyðarfirði.

Í tillögunni felast eftirfarandi breytingar:


1. Lóðaskipulagi svæðisins er breytt þannig að lóðum á svæðinu fjölga úr 8 í 12.
2. Í stað þess að tvær lóðir séu skilgreindar austast á hafnarsvæðinu er afmarkað 3,9 ha svæði fyrir vöruskemmur og útilager.
3. Gert er ráð fyrir að lengja megi hafnarkant til vesturs.
4. Nýting hafnarsvæðisins breytist þannig að lóðir 4 og 6 eru minnkaðar og í staðinn er gert ráð fyrir tveimur geymslusvæðum til skammtímaleigu á hafnarsvæðinu.
5. Ákvæðum um hámarksvegghæð er breytt úr 8 metrum í 12 metra á lóðum nr. 3, 6, 4, 2. Á lóð nr. 5 er leyfð hækkun í 18 metra. Á lóðum nr. 14, 12, 10, 7 og 9 er leyfð hækkun í allt að 25 metra hámarksvegghæð. Einnig er ákvæðum um mænisstefnu breytt.
6. Gert er ráð fyrir að svæði sem legið hefur utan skilgreindra lóða vestast á skipulagssvæðinu verði nýtt sem grjótnáma.

Aðaláhrif þessarar deiliskipulagsbreytingar eru að mati Umhverfisstofnunar þær að leyfilegar hámarksvegghæðir bygginga eru hækkaðar talsvert en þar sem mannvirki á lóð

1 eru fyrirferðamikil þá munu áhrif vegna þess ekki vera afgerandi. Einnig mun 30 – 40 þúsund rúmmetra grjótnám á svæðinu merkt “grjótnám til hafnargerðar” hafa sjónræn áhrif. Náman er inná iðnaðarsvæði, efnistakan er undir 50.000 rúmmetrum og fellur því ekki undir 2. viðauka Laga númer 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Helgi Jónsson

Forstöðumaður

Skipulagsstofnun